



Reykjavík 16.nóvember 2015

Til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

Erindi: Kynning á hugtakinu *vistvangur*, staðarval í landi Hafnarfjarðar og ósk um samstarf.

Á rúmlega 18 ára ferli hafa samtökin *Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs (GFF)* notað lífræn úrgangsefni til uppgræðslu. Þetta hefur GFF gert víða á starfsvæði sínu á suðvesturhorni landsins og í samvinnu við ýmsa aðila. Efnin sem koma við sögu eru aðallega hrossatað, garðaúrgangur o.fl.

Einn megin samstarfsaðili GFF í gegnum tíðina hefur verið Hafnarfjarðarbær. Samtökin hafa tekið við u.þ.b. helmingi þess hrossataðs sem fellur til í bænum og notað við uppgræðslu, að stórum hluta í landi Hafnarfjarðar suður og sunnan við Kleifarvatn. Frá því árið 2007 hefur þetta verið gert markvisst og reglulega enda má glögglega sjá á þessum slóðum þann árangur sem næst þegar efni af þessu tagi eru notuð gróðurrikinu til framdráttar.

Annar traustur samstarfsaðili GFF í gegnum tíðina er Flensborgarskólinn í Hafnarfirði en frá árinu 2001 hafa samtökin farið með 1.árs nemendur þaðan vor og haust suður til Krýsuvíkur. Þeir leiðangrar eru farnir til að freista þess að koma til trjágróðri og öðrum jarðargróða á uppblásnu svæði. Líklega hafa langflestir nemendur síðasta áratugar í Flensborgarskólanum farið með GFF til uppgræðslu í Krýsuvík og fengið fræðslu af hendi samtakanna um samhengið við hin stærri umhverfismál eins og gróður- og jarðvegseyðingu og loftslagsbreytingar

Þessi tvö viðfangsefni GFF, nýting lífrænna úrgangsefna til uppgræðslu annars vegar og uppgræðslustarf með skólaæskunni hins vegar, hefur **framkallað hugtakið *vistvangur*** meðal þeirra er starfað hafa fyrir GFF. Meðfylgjandi eru gögn sem útskýra hugtakið en í stórum dráttum er ***vistvangur*** afmarkað svæði þar sem lífrænn úrgangur er notaður til að gæða landið gróðri, þar sem æskulýður kemst í tæri við gróður jarðar og upplifanir skólaæskunnar af starfi í útivist eru tengdar við nám í skólstofunni. Á ***vistvangi*** eru einnig stundaðar rannsóknir af til þess bærum stofnunum í samfélaginu.

Allmargt þarf að vera til staðar til að gera ***vistvangur*** að veruleika en tvennt skal nefnt hér. Í fyrsta lagi þarf að vera aðstreymi af lífrænum efnum, hrossataði, garðaúrgangi og öðru þvíumlíku. Þá þarf að vera til staðar landsvæði sem er nægjanlega stórt, nægjanlega uppblásið og rofið til að

réttlæta viðtöku þessara efna í stórum stíl. Að þessu sögðu hvarflar hugur til Hafnarfjarðar þaðan sem GFF hefur tekið við hrossataði í mörg ár og þar sem er stórt landsvæði sem uppfyllir skilyrðin um uppblástur og rof. Landsvæðið sem um ræðir eru flákarnir upp af Krýsuvíkurbjargi, milli hrauna, Ögmundarhrauns í vestri og Krýsuvíkurhrauns í austri (Geitahlíð er líka hentugt kennileiti sem afmarkar austurenda svæðis) suður af Kleifarvatni og Krýsuvík. Þarna liggur nýlegur Suðurstrandarvegur og landsvæðið er í lögsögu og líklega í eign Hafnarfjarðarbæjar. Land þarna er áttakanlega illa farið af uppblæstri og rofi. Á þessu svæði sér GFF fyrir sér að verði vistvangur, ekki bara fyrir Hafnarfjörð heldur fyrir höfuðborgarsvæðið allt.

GFF hefur rætt þessa hugmynd um nokkurt skeið innan sinna raða og einnig við aðila eins og Landgræðsluna, Sorpu og stjórn Reykjanesfólkvangs. Undirtektir hafa alls staðar verið góðar og hér fylgja ljósrit af viljayfirlýsingum frá ofangreindum aðilum sem GFF lítur á að teljist hlutaðeigandi í þessu máli. Þá hefur GFF rætt þessa hugmynd við starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar og fengið þaðan hvatningu.

Með erindi þessu vill GFF óska eftir samstarfi við Hafnarfjarðarbæ, sem lögsöguhafa og (líklegan) eiganda þess svæðis sem um er rætt. Samstarfið gæti falist í leyfi til framkvæmda, tryggingu þess að efni berist frá Hafnarfirði til uppgræðslu á svæðinu og aðstoð við skipulagningu svæðisins og merkingar, svo eitthvað sé nefnt. Það skal þó ítrekað að vistvangur er hugsaður sem svæði sem þjónar öllu höfuðborgarsvæðinu og jafnvel Suðurnesjum líka ef verkast vill. Framkvæði Hafnarfjarðar er þó afar mikilvægt sem og liðsinni bæjaryfirvalda við að koma þessari hugmynd til framkvæmda.

Meðfylgjandi eru ýmis gögn sem vonandi eru til glöggvunar.

Með bestu kveðju f.h. GFF



Björn Guðbrandur Jónsson framkvæmdastjóri

Hjálagt:

1. Punktar frá GFF um vistvang
2. Viljayfirlýsingar þriggja aðila varðandi hugmyndir GFF um vistvang.
3. 6 myndablöð og texti þ.a.l. til glöggvunar um vistvang.
4. Fréttabréf GFF 2013, 2014 & 2015.



Vistvangur

er í skilgreiningu GFF afmarkað svæði þar sem náttúrugæði eru endurheimt. Eftirfarandi punktar gera nánari grein fyrir þeirri hugsun sem liggur að baki:

- *Vistvangur* er hugtak í anda sjálfbærrar þróunar, upprunnið á Íslandi og tekur mið af því hve uppblástur og gróðureyðing hafa leikið fósturjörðina grátt í gegnum aldirnar.
- *Vistvangur* er skilgreint, afmarkað svæði þar sem lífrænn úrgangur af mannlegri starfsemi er notaður til að byggja upp „náttúrulegan höfuðstól“ gróðurs og jarðvegs.
- *Vistvangur* er „snortið“ svæði. Mannleg starfsemi skilar viðkomandi landi hreinum, lífrænum afrakstri og eflir frjósemi þess.
- Á *vistvangi* fer fram ræktun lands og lýðs. Þar er æskulýður af öllum skólastigum sem og hópar innlendra og erlendra aðila, t.d. sjálfboðaliða, við nám og störf að endurheimt landgæða.
- Á *vistvangi* fara fram rannsóknir innlendra og erlendra sérfræðinga á uppgræðslu og gróðurframvindu.
- *Vistvangur* er virk aðgerð í ljósi aðsteðjandi loftslagsbreytinga og getur orðið leiðarstef út fyrir landsteinana, íslenskt dæmi um nærtæk úrræði við staðbundnum jafnt sem hnattrænum umhverfismálum.



Gunnarsholti 5. október 2015

Yfirlýsing

Forsvarsmenn samtakanna Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs (GFF) hafa komið að máli við stjórnendur og starfsmenn Landgræðslunnar og kynnt hugmynd samtakanna um *vistvang* suðvesturhornsins, inntak hugmyndarinnar og vænlega staðsetningu svæðisins / verkefnisins.

Hugmyndir þessar samræmast að mörgu leyti viðhorfum Landgræðslunnar um starfshætti við uppgræðslu lands. Þá lítur Landgræðslan svo á að á *vistvangi* megi í framtíðinni stunda áhugaverðar rannsóknir í tengslum við uppgræðslu og gróðurframvindu. Hugsanlegt er að Landgræðslan muni eiga samstarf við GFF og ýmsa aðila aðra um afmarkaða þætti á *vistvangi*.

Varðandi hugmyndir GFF um staðsetningu *vistvangs* í landi Hafnarfjarðar sunnan við Krýsuvík, telur Landgræðslan að þær geti vel verið raunhæfar. Svæðið er illa farið af gróður- og jarðvegseyðingu og full ástæða til að gera átak í að stöðva þá óheillaþróun. Landgræðslan hefur um áraraðir unnið á svæðinu og notað þar tilbúinn og lífrænan áburð. Enn er þó mikið verk óunnið og ef hin lífrænu efni sem áform hafa verið um að verði flutt þangað og notuð í sambandi við starfrækslu *vistvangs*, verða þau vænleg viðbót við það sem þegar hefur verið gert á svæðinu. Svæðið er í þokkalegri nánd við höfuðborgarsvæðið þannig flutningsleiðir á svæðið frá höfuðborgarsvæðinu eru ekki mjög langar.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins,

Sveinn Runólfsson,
landgræðslustjóri

Stjórn Reykjanesfólksvangs

kt. 581280-0419

Borgartún 12-14, 105 Reykjavík

Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs
Björn Guðbrandur Jónsson

Reykjavík, 13. okt. 2015

Erindi GFF til stjórnar Reykjanesfólksvangs vegna Vistvangs

Á fundi stjórnar Reykjanesfólksvangs 23. september 2015 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Stjórn Reykjanesfólksvangs styður Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs í þeirri viðleitni sinni að græða upp land í Vistvangi enda sé öllum skilyrðum laga og reglna sem til þess bærar stofnanir skilgreina mætt. GFF hefur bent á tiltekin svæði innan fólksvangsins sem kæmi vel til greina en taka þarf tillit til skipulagsheimilda að hverju sinni.

Undirritaður óskar GFF velfarnaðar í störfum sínum.

Virðingarfyllst,

Sverrir Bollason

Formaður stjórnar Reykjanesfólksvangs

e. u



Forsvarsmenn samtakanna **Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs (GFF)** hafa komið að máli við tvo stjórnarmenn og framkvæmdastjóra **SORPU** og kynnt hugmynd samtakanna um **vistvang** suðvesturhornsins, inntak hugmyndarinnar og vænlega staðsetningu svæðisins / verkefnisins.

Hugmyndir þessar samræmast ágætlega viðhorfum **SORPU** um nýtingu á lífrænum úrgangsefnum til uppgræðslu. Þegar gas- og jarðgerðarstöð **SORPU** verður komin á laggirnar mun verða til-umtalsvert magn af jarðvegsbæti sem ákjósanlegt er að nota til uppgræðslu á landi þar sem slíkt þykir henta og þörf er á.

Varðandi hugmyndir **GFF** um staðsetningu **vistvangs** í landi Hafnarfjarðar sunnan við Krýsuvík, telur **SORPA** að þær séu raunhæfar enda er svæðið augljóslega illa farið af gróður- og jarðvegseyðingu og um leið í hóflegri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Kostnaði vegna flutnings á jarðvegsbæti verður þ.a.l. haldið í skefjum. Slík notkun jarðvegsbætis er þó alltaf háð góðu samstarfi við landeigendur og fagstofnananir.

Reykjavík 26. október 2015





Texti með skýringarmyndum um vistvang

Allar myndirnar hér í þessu safni eru ætlaðar til glöggvunar þeim sem höndla með erindi þetta frá GFF. Myndirnar sýna hvernig búast má við að árangur verði af markvissri nýtingu á hrossatað til uppgræðslu á vistvangi eða þær sýna aðstæður og dæmigert útlit nokkurra staða innan þess svæðis sem GFF hefur augastað á sem vistvangi.

1. Tvær myndir teknar austan í Sveifluhálsi, sú efri í október 2010 og sýnir rofabarð sem var tekið til uppgræðslu af GFF þá um veturinn. Hrossatað var losað þar um veturinn, vélarafli og mannskapur kallaður til sumarið 2011 til að koma efninu á rétta staði. Neðri myndin er tekin í ágúst 2014 og sýnir hvernig búið er að loka rofabarðinu og græða upp í næsta nágreppi þess. Uppgræðslumeðalið var hrossatað úr hesthúsahverfinu Hlíðarþúfum í Hafnarfirði.
2. Mynd tekin 3. júní 2012 af veginum sunnan við Krýsuvík og sýnir rofabarð sem GFF lét setja í nokkrar traktorsskóflur af hrossataði í lok maí 2012. Myndin sýnir einnig vel hvernig er háttað með ástand lands á þessum slóðum. Mynd er tekin á jaðri þess svæðis sem GFF hefur augastað á sem vistvangi fyrir höfuðborgarsvæðið.
3. Mynd tekin 8. okt 2014 af sama rofabarði og mynd 2 sýnir. Rúmum tveimur árum seinna (þremur sumrum seinna) hefur vaxið þéttur grasbrúskur upp úr taðinu án þess að nokkuð grasfræ hafi verið notað.
4. Mynd tekin í austur frá sama stað og mynd 3 og á sama tíma. Geitahlíð í baksýn svæðis sem GFF hefur hugsað sér sem norðaustur svæði hugsanlegs vistvangs.
5. Mynd tekin í norður af Krýsuvíkurvegi að Geitahlíð 8. okt 2014 og sýnir gróðurlaust svæði á láglandi. Austarlega á vistvangssvæði.
6. Mynd af rofabarði á leiðinni út á Krýsuvíkurbjarg 8. okt 2014, mun vestar á vistvangssvæði en hinar myndirnar. Rofabörð eru mjög einkennandi fyrir landslag á svæðinu og sjá má í baksýn nokkrar gróðurtorfur, afganginn af gróðurlendi sem eitt sinn var ríkjandi á svæðinu.







08/10/2014



08/10/2014



08/10/2014



08/10/2014